



Tillaga fyrir aðalfund Sláturfélags Suðurlands svf., 19. mars 2021.

Eftirfarandi tillaga hefur borist stjórn Sláturfélags Suðurlands:

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands haldinn á Goðalandi í Fljótshlíð 19. mars 2021, samþykkir að stjórn Sláturfélags Suðurlands láti vinna skýrslu þar sem þróun sölu einstakra kjöttegunda í gegnum vinnslu félagsins verði greind frá árinu 2000.

Greinargerð:

Í 3 gr. samþykktu félagsins segir: „*Tilgangur félagsins er að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna.*“

Í ljósi harðnandi samkeppni á kjötmarkaði og verri afkomu félagsins teljum við sem félagsmenn í þessu samvinnufélagi bænda mikilvægt að kalla eftir þessum upplýsingum svo að staða félagsins í úrvinnslu afurða bænda sé gerð ljósari og eins hvert félagið stefni í sínum rekstri.

Ágúst Ingi Ketilsson
Geir Gíslason
Reynir Þór Jónsson
Stefán Geirsson
Trausti Hjálmarsson

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands verður haldinn 19. mars 2021 að Goðalandi, Fljótshlíð kl. 15:00.

Reykjavík, 8. mars 2021.

Sláturfélag Suðurlands svf.

Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri – sími: 575 6000 – hjalti@ss.is